

## *Sorp*

ÓLÍKT ÞVÍ SEM ÍSLENDINGAR EIGA AÐ VENJAST þá eru ekki sorptunnur við hvert hús, heldur gámar á götunum í nágrenninu. Koma sorphirðumenn gjarnan á nóttunni til að tæma þá. Á heitasta tíma sumars er æskilegt er að bíða með að henda sorpi, sem inniheldur matarleifar, þangað til eftir klukkan tíu á kvöldin af augljósum ástæðum. Reyndar ku vera bannað að henda slíku sorpi í gámana fyrir þann tíma. Sums staðar eru sérstakir gámar undir pappír, plast eða glerumbúðir. Ekki hefur enn verið tekið upp skilagjald af einnota drykkjarvöruumbúðum á Spáni og því ekkert endurgreitt fyrir þær í endurvinnslu.

## *Heimferðin, endurgreiðsla vsk (iva) vegna útflutnings*

ENDURGREIÐSLU er hægt að fá á hluta af spænska virðisaukaskattinum vegna kaupa á vörum sem fara úr landi. Framvísa þarf vörunum ásamt kvittunum við brottför á flugvællinum (neðsta hæð, hægra megin við þar sem beðið er eftir komufarþegum). Ekki er nóg að framvísa venjulegum kassakvittunum, heldur þarf að fá sérstakar TAX-FREE kvittanir og eru þá fyllt út eyðublöð með nafni og heimilisfangi þess sem kaupir vörurnar til útflutnings. Hluti heildarverðs til endurgreiðslu nemur u.þ.b. 10%.

## *Tollfrjáls farangur, vörur háðar innflutningstakmörkunum og -banni*

TOLLFRJÁLS FARANGUR ferðamanna sem búsettir eru á Íslandi

### *Ferðabúnaður og annar farangur*

Við komu til landsins mega ferðamenn, sem búsettir eru á Íslandi, hafa með sér tollfrjálst þann farangur, sem þeir fóru með til útlanda.

FERÐAMENN mega ennfremur hafa meðferðis tollfrjálst varning sem fenginn er í ferðinni

Sjá nánar á vefsíðu tollstjóra [hér](#)

### *Almenn skilyrði tollfrelsis*

Almennt er skilyrði tollfríðinda að ferðamenn hafi varninginn meðferðis við komu frá útlöndum. Þó er heimilt að leyfa tollfrjálsan innflutning farangurs sem orðið hefur viðskila við eiganda, enda sýni hann fram á með vottorði tollgæsl-unnar að hann hafi ekki nýtt sér niðurfellingarrétt þegar hann kom til landsins.

ENNFREMUR er tollfrelsi bundið við varning sem ætlaður er til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til gjafa. Tollfríðindi ferðamanna taka ekki til varnings sem ætlaður er til sölu eða er fluttur inn í atvinnuskyni.

FERÐAMAÐUR getur þurft að sýna fram á að varningur sem hann hefur meðferðis uppfylli skilyrði fyrir tollfrelsi. Ráðlegt getur verið að láta skrá verðmæta muni, sem hafðir eru með í ferð, hjá tollgæslunni við brottför eða hafa meðferðis reikning og/eða ábyrgðarskírteini fyrir hlutunum; auk þess getur verið ráðlegt að halda til haga reikningum yfir varning, sem keyptur er erlendis, því viðkomandi getur þurft að sýna fram á kaupverð.

## **Tollafgreiðsla**

Ferðamenn sem koma til landsins frá útlöndum eiga að eigin frumkvæði að skýra tollgæslunni frá og framvísa tollskyldum varningi sem þeir hafa meðferðis svo og þeim varningi sem háður er innflutningsskilyrðum eða innflutningsbanni. Ferðamenn þurfa hins vegar ekki að gera grein fyrir öðrum varningi sem þeir hafa meðferðis nema þess sé sérstaklega óskað.

EF SVONEFND RAUÐ OG GRÆN TOLLHLIÐ eru þar sem tollafgreiðsla ferðamanna fer fram, er ætlast til að þeir velji sér hlið og gefi með því til kynna hvort þeir hafi meðferðis varning sem þarf að gera sérstaklega grein fyrir eða ekki.

RAUÐ TOLLHLIÐ eru fyrir þá sem hafa meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningsskilyrðum eða innflutningsbanni.

GRÆN TOLLHLIÐ eru hins vegar fyrir þá sem eingöngu hafa tollfrjálsan farangur meðferðis og engan varning sem er háður innflutningstakmörkunum.

Ef ferðamaður er í vafa um þær reglur sem gilda um tollfrelsi farangurs sem hann hefur meðferðis, er ráðlegt að hann velji rautt tollhlið.

TOLLVÖRÐUR getur ávallt óskað eftir að skoða farangur ferðamanns, jafnvel á grænu tollhliði; það gildir og um farangur ferðamanna á afgreiðslustöðum þar sem ekki eru notuð rauð og græn tollhlið. Ferðamanni ber að veita nauðsynlega aðstoð vegna tollskoðunar, t.d. opna töskur og umbúðir ef nauðsynlegt reynist og gefa upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. *Komi við tollskoðun fram varningur sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan, skoðast hann ólöglega innfluttur.* Er heimilt að gera slíkan varning upptækan til ríkis-sjóðs auk þess sem viðkomandi kann að þurfa að sæta refsingu skv. lögum.

## **INNFLUTNINGSTAKMARKANIR og innflutningsbann**

Reglur um tollfríðindi ferðamanna veita hvorki undanþágu frá sérstökum innflutningsskilyrðum né innflutningsbanni sem ýmsar vörutegundir eru háðar samkvæmt lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Sjá nánar [hér](#).